

Fundur nr. 54 kjörtímabilið 2022-2026

Aukafundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps, kjörtímabilið 2022 - 2026, fimmtudaginn 7. maí 2026 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:15.

Mætt til fundar: Sigurður Grétar Sigurðsson, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Bjartur Aðalbjörnsson.

Einnig sátu fundinn: Íris Edda Jónsdóttir, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Erindi

a. Grenjavinnsla

Fyrir liggur að uppfæra eigi samninga um grenjavinnslu í sveitarfélaginu fyrir veiðitímabil 2026.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna að og gera samninga við veiðimenn um grenjavinnslu og refaveiðar innan sveitarfélagsins, samkvæmt gildandi lögum og reglum um refa- og minkaveiðar**

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

b. Úttekt á rekstri sveitarfélagsins

Lögð voru fram drög að hagræðingartillögum frá úttektaraðila. Hreppsráð hefur farið yfir framkomnar tillögur og rætt efni þeirra.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps samþykkir að vísa þeim tillögum sem ráðið telur fýsilegastar og raunhæfar til frekari umfjöllunar í sveitarstjórn. Jafnframt er gert ráð fyrir að málið verði tekið til áframhaldandi vinnslu og ákvörðunar hjá komandi sveitarstjórn.**

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

c. Staða framkvæmda

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar fór yfir stöðu framkvæmda í sveitarfélaginu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:00.